

## Yfirlýsing vegna nýlegrar skipunar Þorsteins Gunnarssonar í embætti formanns kærunefndar Útlendingamála

Þann 26. ágúst síðastliðinn skipaði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra, Þorstein Gunnarsson, staðgengil forstjóra Útlendingastofnunar (ÚTL), í embætti formanns kærunefndar útlendingamála (KNÚ). Þorsteinn hefur starfað hjá ÚTL síðan hann útskrifaðist úr laganámi árið 2007, tók við forstöðu hælissviðs árið 2008, varð sviðsstjóri leyfasviðs árið 2011 ásamt því að vera staðgengill forstjóra Útlendingastofnunar. Frá 2016 tók hann einnig yfir sem sviðsstjóri verndarsviðs og frá október 2019 til 31. mars 2020 var Þorsteinn settur forstjóri Útlendingastofnunar. Því má með sanni segja að Þorsteinn Gunnarsson hafi verið í forsvari fyrir aðgerðir ÚTL gegn fólki á flóttu síðasta áratug. Til þess að geta skilið betur hvað skipun Þorsteins Gunnarssonar sem formanns KNÚ raunverulega þýðir teljum við mikilvægt að rifja upp nokkur dæmi um störf stofnunarinnar undir hans handleiðslu.

[Þorsteinn sá ekkert óeðlilegt við að vísa kasóléttri konu úr landi þvert á vottorð frá fæðingardeild](#), en ÚTL hafði í höndunum fit-to-fly vottorð frá lækni sem hafði ekki skoðað konuna í persónu. Seinna staðfesti embætti landlæknis - [að framkvæmdin var kolólögleg og brot á siðareglum](#).

Undanfarin misseri hefur hinsegin fólk í verndarkerfinu þurft að berjast mikið fyrir því að fá hinseginleika sinn “viðurkenndan” af ÚTL, en ÚTL gefur ítrekað út úrskurði í verndarmálum þar sem [frásögn einstaklinga af kynhneigð sinni er dregin í efa og sögð “misvísandi”](#), eða ekki talin nægilega “sönnuð” samkvæmt vestrænum stöðlum um kynhneigð. Og jafnvel þó ÚTL taki málflutning fólks um kynhneigð sína trúverðuga dugar það oft ekki til líkt og sást árið 2017 þegar ÚTL ákvað að brottvísa skyldi fylgdarlausu barni á flóttu, en um var að ræða [16 ára samkynhneigðan strák frá Marokkó](#). Annað dæmi sem tengist baráttu hinsegin fólks er þegar ÚTL, undir stjórn Þorsteins, reyndi allt til að [vísa 17 ára trans drengnum Maní úr landi](#). Gekk það svo langt að ÚTL fyrirskipaði að það ætti að sækja hann beint upp á BUGL til brottvísunar.

Maní er ekki eina barnið sem hefur þurft að þola heiftúðuga stefnu ÚTL undir stjórn Þorsteins heldur hafa fjölmörg börn þurft að berjast fyrir því að fá að vera áfram á Íslandi. Til að mynda [Zainab Safari](#) og bróðir hennar, hinn sjö ára gamli [Muhammed Zohair Faisal](#), hin þriggja barna [Ahmadi-fjölskylda](#), hin barnunga [Erna Reka](#) sem fæddist á Íslandi, [móðirin Fadila og börn hennar](#), og síðast en ekki síst [Marie, 8 ára, og Haniye, 11 ára](#). Rétt er að geta þess að [allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins](#), meðal annars núverandi dómsmálaráðherra [Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir](#), [greiddu atkvæði gegn frumvarpi](#) því sem varð að lokum til þess að Marie og Haniye var ekki vísað úr landi. Því má sjá að Áslaug Arna virðist lengi hafa verið sammála stefnu Þorsteins Gunnarssonar þegar kemur að málefnum barna á flóttu. Þessi listi yfir börn sem ÚTL hefur ákveðið að brottvísa er langt frá því að vera tæmandi, en gefur ágæta heildarmynd.

Þolendur mansals hafa einnig þurft að þola harðlínustefnu Þorsteins Gunnarssonar í málefnum flóttafólks, en helst má nefna nýleg mál [Uhunoma Osayomore](#) og [Blessing Newton](#). Starfsfólk

[Stígamóta sendi meðal annars frá sér](#) grein þar sem afgreiðsla ÚTL á málum þolenda mansals er gagnrýnd.

Í starfi sínu sem settur forstjóri ÚTL hefur Þorsteinn m.a. [deilt persónuupplýsingum](#) skjólstæðinga stofnunarinnar án nokkurs umboðs, [sett fram villandi upplýsingar í fjölmiðlum og í versta falli logið blákalt](#). Að sama skapi sendi ÚTL frá sér opinbera tilkynningu árið 2017 um hjúskaparstöðu tveggja umsækjenda um vernd, þeirra Eugene og Reginu, áður en [Eugene var vísað ólöglega úr landi](#) frá þremur börnum sínum sem hann gat ekki hitt næstu 4 ár á meðan barnsmóðir hans barðist fyrir að fá hann aftur til fjölskyldunnar á Íslandi.

Þorsteinn birtist einnig í fjölmiðlum og hélt því fram að [þjónustusvipting ÚTL á tæplega 20 flóttamönnum væri réttmæt og lögleg](#). Með framferði sínu gerði ÚTL mennina húsnæðislaus og án framfærslu í rúman mánuð, suma lengur en það, auk þess sem þeim var neitað um heilbrigðisþjónustu. Kærunefnd Útlendingamála úrskurðaði að ákvörðun ÚTL hafi verið [ólögmæt](#), en hvorki Þorsteinn né yfirmaður hans, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, gengust við ábyrgð á þessum ólöglegu aðgerðum né báðust afsökunar.

Hér hefur verið stiklað á stóru til að lýsa þeirri stefnu sem Þorsteinn Gunnarsson hefur farið fyrir í málefnum flóttafólks og hefur birst okkur opinberlega í þeim málum sem náð hafa eyrum og augum almennings. Samkvæmt lögum er hlutverk kærunefndar útlendingamála að vera sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem á að úrskurða um mál sem kærð eru til hennar, en eðli málsins samkvæmt eru það fyrst og fremst úrskurðir frá ÚTL. Helsta hlutverk Þorsteins í nýju starfi sem formaður kærunefndar er því að rannsaka og úrskurða um mál stofnunar sem hann hefur sjálfur stýrt um árábil, sem samræmist varla hlutverki hennar sem “sjálfstæð” stjórnarsýslunefnd.

Líkt og [ferilskrá Þorsteins](#) sýnir fram á hefur hann ekki starfað neins staðar annars staðar en hjá ÚTL frá því að hann lauk háskólanámi (nema að láni frá ÚTL til dómismálaráðuneytisins). Vegna fyrri starfa sinna verður Þorsteinn sjálfkrafa vanhæfur í flestum málum í það minnsta fyrstu 3-4 mánuðina í starfi, ef ekki lengur, en verður samt sem áður á fullum launum á því tímabili. Til að setja það í samhengi þá má vænta að laun Þorsteins á því tímabili samsvari u.þ.b. 3-4 mánaða framfærslu fyrir 25 einstaklinga í hæliskerfinu.

Sú ákvörðun að ráða aðila sem gegndi stöðu staðgengils fyrir forstjóra ÚTL í 10 ár sem formann nefndar sem hefur umsjónar- og eftirlitshlutverk gagnvart þeirri sömu stofnun er til þess fallið að draga verulega úr trúverðugleika og hlutleysi nefndarinnar gagnvart ÚTL. Með þessu er grafið undan grunnstoðum lýðræðislegs réttarríkis og réttarvitund þegna þess. Búast má við að sá jaðarsetti hópur sem flóttafólk er muni halda áfram að finna fyrir harðri stefnu Þorsteins næstu fimm ár, en sem formaður nefndarinnar hefur Þorsteinn „sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnarsýslustigi.“ Með öðrum orðum verður hann nær allsráðandi í málaflokknum.

Þessa skipun má túlka sem svo að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómismálaráðherra vilji tryggja að sú stefna sem ríkt hefur innan ÚTL verði áfram í gildi í málaflokki flóttafólks þar sem

fyrirverandi formaður ÚTL, sem hefur oftast en einu sinni verið ólöglegt athæfi stofnunarinnar í fjölmiðlum, hefur nú enn meira vald vald en áður. Sem formaður kærunefndar sér hann um að „ráða starfsfólk nefndarinnar, gera starfsáætlun um fundi nefndarinnar og afgreiðslu kærumála, [og] taka ákvarðanir um rannsókn mála og gagnaöflun.“ Þá hefur formaður nefndarinnar vald til þess að úrskurða einn í mörgum tegundum mála. Við óttumst að viðkvæmir einstaklingar úr hópi flóttafólks á borð við hinsegin fólk, fatlað fólk, konur og börn muni þannig vera áfram beitt kerfisbundnu misrétti og ofbeldi.

Sé litið til fyrri álitanna Umboðsmanns Alþingis og hæfisreglna stjórnsýslulaga má sjá að traustssjónarmið spila stóran þátt í mati á hæfi nefndarmanna. Þau sjónarmið ættu í raun að gera Þorstein vanhæfan þar sem það eitt og sér að hafa komið beint úr því starfi sem hann hefur sinnt öll þessi ár er alvarlegur annmarki hvað varðar traustssjónarmið. Einnig mætti líta til 1., 4. og 6. mgr. í 3. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem fjallað er um vanhæfisástæður og eiga þær allar við að meira eða minna leyti um Þorstein, þó sérstaklega 6. mgr.

Þetta tvennt ætti að duga til að sýna fram á vanhæfi Þorsteins sem formanns kærunefndar útlendingamála og það algjörlega óháð þeim siðferðislegu annmörkum sem hann hefur sýnt í starfi sínu fyrir ÚTL.

Við, undirritað, skorum á Þorstein Gunnarsson að segja af sér sem formaður kærunefndar útlendingamála vegna vanhæfis.

Við skorum á Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, dómsmálaráðherra, að gera grein fyrir skipun hæfnisnefndarinnar, niðurstöðum hennar og birta öll gögn úr skipunarferlinu, samskipti og ferla. Síðast en ekki síst hvetjum við Umboðsmann Alþingis til að fara í frumkvæðisathugun á umræddri skipun með sérstaka áherslu á traustssjónarmið.

Undirritað (í stafrófsröð):

*Anna Lára Steindal*

*Elinóra Guðmundsdóttir*

*Félag hernaðarandstæðinga*

*Félagið Ísland Palestína*

*Hallgrímur Helgason, rithöfundur*

*Ísold Uggadóttir, kvikmyndagerðarkona*

*No Borders Iceland*

*Norðdahl lögmannsstofa*

*Refugees in Iceland*

*Réttur barna á flóttu*

*Röskva - samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands*

*Samtökin '78*

*Solaris - hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi*

*Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar*

*Stelpur Rokka*

*Trans Ísland*  
*Q - félag hinsegin stúdenta*